

Fáðu_já: Stuttmynd um mörkin milli ofbeldis og kynlífs

Brynhildur Björnsdóttir, Páll Óskar Hjálmtýsson og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2013). *Fáðu_já: Stuttmynd um mörkin milli ofbeldis og kynlífs. 20 mín.; Fáðu_já: Stuttmynd um mörkin milli ofbeldis og kynlífs: Leiðarvísir fyrir starfsfólk grunnskóla. 16 bls.* Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneyti, innanríkisráðuneyti og velferðar-
ráðuneyti.

Undanfarin misseri hefur umræðan um klámvæðingu í íslensku samfélagi verið að taka við sér. Slík umræða er nauðsynleg, ekki síst í ljósi þess að margt bendir til þess að neysla á klámi meðal íslenskra ungmenna hafi vaxið mikið. Klám á netinu verður sífellt aðgengilegra, á sama tíma og það virðist stöðugt verða grófara og tengingar við ofbeldi verða skýrari (Dines, 2010).

Í almennri umræðu virðist ákveðins misskilnings gæta varðandi mörk kynlífs og kláms. Flestar skilgreiningar á klámi byggjast hins vegar á þeim hugmyndum að klám feli í sér kynlífsathafnir í tengslum við niðurlægingu, misnotkun eða ofbeldi (sjá t.d. Russell, 1993). Þá er undirstrikað að í klámi skorti allan kærleika, ást og tilfinningar, og þar sem klám felur í sér mismunun og hlutgervingu stríðir það gegn þeim hugmyndum að kynlíf sé athafnir jafningja (Häggström-Nordin, Sandberg, Hanson og Tydén, 2006). Vegna þess hve aðgengi og neysla á klámi er mikil, sérstaklega meðal drengja (Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2010), er mikilvægt að unglingar séu vel upplýstir um það hvar mörk kynlífs og ofbeldis liggja þegar þeir byrja sjálfir að stunda kynlíf og séu þá betur í stakk búnir til að taka þátt í kynlífi á eigin forsendum.

MÖRKIN SKÝRÐ

Í ljósi þessa er mjög gagnlegt að fá fræðsluefni fyrir ungt fólk sem hefur það að markmiði að skýra mörkin milli kynlífs og ofbeldis, líkt og undirtitill stuttmyndarinnar *Fáðu_já* gefur skýrt til kynna. Myndinni er skipt upp í sjö afmarkaða hluta sem hver

og einn tekst á við skilgreint efni er varðar kynlífsreynslu ungs fólks. Í öllum þessum hlutum er mjög skýrt tekist á við mörk ofbeldis og kynlífs, ekki bara í þeim köflum sem sérstaklega fjalla um ofbeldi, klám og nauðganir. Engu minni áhersla er lögð á mörk kynlífs og ofbeldis í þeim hlutum er fjalla almennt um kynlíf og hvernig einstaklingar setja sér eigin mörk. Í myndinni er tekið sérstaklega vel á þessum þáttum á jákvæðan og aðgengilegan hátt fyrir áhorfendur auk þess sem þar er útskýrt hvað felst í klámi og hvaða afleiðingar það getur haft á sjálfsmynd og gjörðir unglunga. Helsti styrkleiki hennar er hvernig tekið er á því að útskýra þessi mörk á opinskáan og umbúðalausan hátt.

Myndinni fylgir vel útfærður leiðarvísir þar sem farið er yfir þá hugmyndafræði sem myndin er byggð á og í honum má finna ítarlegar leiðbeiningar fyrir kennara og foreldra sem hyggjast horfa á myndina með nemendum sínum eða börnum. Leiðarvísirinn ýtir undir það að faglega sé tekið á sýningu myndarinnar, en það er mjög skýrt að tilgangur sýningar myndarinnar er ekki bara sá að „henda myndinni í tækið“ og láta þar við sitja, heldur á hún að veita tækifæri til þess að skapa grundvöll fyrir opna og lifandi fræðslu sem byggist ekki síst á uppbyggilegum umræðum í kjölfar sýningarinnar. Með leiðbeiningunum girða höfundar í raun fyrir það að foreldrar og kennarar geti skýlt sér á bak við þá afsökun að þau hafi ekki vitað með hvaða hætti ætti að nálgast umræðuefnið. Leiðarvísirinn er ítarlegur og vel unninn og höfundar myndarinnar setja þar fram spurningar sem varpa má fram í umræðum um viðfangsefni einstakra hluta myndarinnar. Til þess að gera leiðarvísinn enn gagnlegri hafa höfundar einnig sett inn leiðbeiningar um þá vinkla sem beri að varast í umræðunni auk þess sem gefnar eru skilgreiningar á helstu hugtökum tengdum ofbeldi. Þó verður að taka fram að sárlega vantar skilgreiningu á klámi í leiðarvísinn, sérstaklega í ljósi þess að mikil áhersla er lögð á klám og klámvæðingu í efni myndarinnar. Að öðru leyti er allt efnið í leiðarvísinum vandlega unnið og ætti að koma í veg fyrir að kennarar og foreldrar geti skýlt sér bak við fáfræði um viðfangsefnið og komið sér þannig hjá umræðum.

BREYTT UM SJÓNARHORN – SAMÞYKKI FREMUR EN NEITUN

Undanfarin misseri má segja að áherslan á forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi hafi verið á neitunina, það er „nei þýðir nei“. Í myndinni er breytt um sjónarhorn og áhersla lögð á að samþykki beggja aðila þurfi að vera til staðar áður en kynlíf er stundað. Við teljum þetta vera einn allra mikilvægasta þáttinn í myndinni og að hann hafi heppnast sérstaklega vel. Það er svo kærkomin breyting að líta á málið frá þessu nýja sjónarhorni og draga fram þá veigamiklu staðreynd að hver og einn einstaklingur þurfi að vera tilbúinn til að *segja já*. Áherslan á að samþykki liggi fyrir undirstrikar það að ábyrgðin á ofbeldi liggur alfarið hjá gerandanum en ekki brotaþolanum. Þessi umpólun frá áherslunni á neitun til samþykkis heppnast sérlega vel og ætti að vera til þess fallin að opna augu bæði ungs fólks og fullorðinna fyrir því að ábyrgð á ofbeldi liggur alltaf hjá geranda og engum öðrum. Þessum boðskap er komið vel til skila, bæði í myndefni og ekki síður í ummælum þátttakenda frá Jafningjafræðslunni.

Innlegg þeirra dýpka skilaboð myndarinnar og ljá henni persónulegan blæ. Ein mikilvægustu skilaboð myndarinnar, „þögn er ekki sama og samþykki“, koma einmitt frá einum viðmælandanum.

Höfundar myndarinnar nota húmor til að nálgast viðfangsefnið. Upphafsaatriði myndarinnar, þar sem foreldrar koma óvænt að pari sem bjargar sér út úr neyðarlegum aðstæðunum á frumlegan hátt, er mjög vel heppnað til að brjóta ísinn fyrir áhorf myndarinnar og léttu á þeirri spennu sem hugsanlega gæti myndast í hópi ungmenna sem á að fara að horfa á fræðslumynd um kynlíf. Þá koma reglulega atriði í myndinni þar sem húmor er beitt til að léttu andrúmsloftið án þess þó að athyglinni sé á nokkurn hátt beint frá boðskap myndarinnar. Atriðin sem fjalla um frumþarfir mannsins eru dæmi um vel heppnuð atriði þar sem húmor er beitt til að brjóta upp mýtur og ranghugmyndir, til dæmis þegar einstaklingur er þvingaður til að borða mat sem honum alls ekki líkar.

Í myndinni er því haldið til haga að kynlíf sé alls konar og ekki alltaf árangursríkt en það má þó velta fyrir sér hvort myndin „glamúrvæði“ kynlíf og það hversu frábært, dásamlegt og skemmtilegt það geti verið að stunda kynlíf sé maður unglingur og tilbúinn til þess. Vinkill á dásemdir kynlífsins er þó kannski skiljanlegur í þessu samhengi, þar sem áherslan er á að skýra mörkin milli ofbeldis og kynlífs og því ekki óeðlilegt að þessu tvennu sé stillt upp sem andstæðum. Styrkleikar myndarinnar felast tvímælalaust í því hvernig höfundar afbyggja upphafningu á niðurlægingu, misnotkun og ofbeldi.

GAGNKYNHNEIGT SJÓNARHORN

Við teljum að handrit myndarinnar og myndin sjálf séu mjög vel heppnuð. Efnið er vandlega úthugað frá ótal vinklum, svo sem jafnrétti, klámvæðingu, ofbeldi, gagnkvæmri virðingu, væntumþykju og ást. En hún er vissulega ekki fullkomin og felst helsti veikleikinn í gagnkynhneigðu sjónarhorni myndarinnar. Nýlegar rannsóknir hafa sýnt að unglingar sem eru að prófa sig áfram með kynhneigð sína meta lífsánægju sína og líðan mun lakari en gagnkynhneigðir jafnaldrar þeirra (Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Ársæll Már Arnarsson og Andrea Hjálmsdóttir, 2010). Þess vegna er mjög mikilvægt að við notum hvert tækifæri sem við höfum til að opna fyrir þá umræðu að unglingar niður í grunnskóla eru oft á tíðum leitandi hvað kynhneigð sína varðar og gefum samkynhneigð rými í fræðslu og umræðu um kynlíf og kynhegðun unglinga. Í myndinni er ekki algerlega litið framhjá kynlífi samkynhneigðra en það hefði styrkt hana að sýna tilveru þeirra sambanda á jafn sterkan myndrænan hátt og gert er með þau gagnkynhneigðu.

FLOTT FRAMLAG

Af framansögðu má sjá að *Fáðu_já* er ákaflega þarft og vel heppnað innlegg í íslenska fræðslu og umræðu um kynlíf, kynhegðun, klámvæðingu og ofbeldi. Til að auka

aðgengi heyrnarskertra og unglunga og foreldra af erlendum uppruna hefur myndin verið textuð á íslensku og sex öðrum tungumálum.

Strax má sjá þess merki víða í samfélaginu að umræðan er að opnast og skilningur á afleiðingum klámvæðingarinnar er að aukast meðal almennings. Áhrifa kláms gætir víða í dægurmenningunni sem hefur gríðarleg áhrif á sjálfsmynd þeirrar kynslóðar sem er að alast upp í samfélaginu. Ætlum við að ná raunverulegu jafnrétti í íslensku samfélagi verðum við að skilja og ræða þau áhrif sem markaðsvæddur klámiðnaðurinn hefur á ungt fólk og sjálfsmynd þess. *Fáðu_já* hefur opnað og mun opna augu og auka skilning og er frábært verkfæri fyrir kennara og foreldra til hefja umræðu um kynlíf við unglunga. Hafið bestu þakkir fyrir vel heppnað framlag, Brynhildur, Páll Óskar og Þórdís Elva.

HEIMILDIR

- Dines, G. (2010). *Pornland: How porn has hijacked our sexuality*. Boston: Beacon Press.
- Häggström-Nordin, E., Sandberg, J., Hanson U. og Tydén, T. (2006). 'It's everywhere!' Young Swedish people's thoughts and reflections about pornography. *Scandinavian Journal of Caring Sciences*, 20(4), 386–393.
- Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Jón Sigfússon, Álfgeir Logi Kristjánsson, Hrefna Pálsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2010). *The Nordic Youth Research 2010: A comparative research among 16 to 19 year old students in the Åland Islands, Denmark, the Faroe Islands, Finland, Greenland, Iceland, Norway and Sweden*. Reykjavík: Rannsóknir og greining. Sótt 4. apríl 2013 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/5734>
- Russell, D. E. H. (ritstjóri). (1993). *Making violence sexy: Feminist views on pornography*. New York: Teachers College Press.
- Sigrún Sveinbjörnsdóttir, Þóroddur Bjarnason, Ársæll Már Arnarsson og Andrea Hjálmsdóttir. (2010). Lífsánægja samkynhneigðra unglunga í 10. bekk. *Sálfræðiritið*, 15, 23–36.

UM HÖFUNDANA

Andrea Hjálmsdóttir (andrea@unak.is) er lektor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri. Hún lauk meistaraþrófi í félagsfræði í University of British Columbia árið 2009. Andrea hefur stundað rannsóknir á viðhorfum unglunga til jafnréttismála auk ýmissa rannsókna á högum unglunga og stöðu kynjanna í íslensku samfélagi.

Hildur Friðriksdóttir (hildurfri@gmail.com) er BA-nemi í nútímafræði við Háskólann á Akureyri. Hildur vinnur nú að BA-ritgerð um áhrif klámvæðingar á kynfærarakstur kvenna.